

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Eyjafirði, 13. maí 2015

Efni: Umsögn Landssambands kúabænda um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1993 o.fl. 694. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015

Landssambandi kúabænda (LK) hefur borist beiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um umsögn við framangreint frumvarp. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið og leggja til að **frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt**.


Aðalfundur Landssambands kúabænda 2015 samþykkti svofellda ályktun:

*Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn í Reykjavík 12.- 13. mars 2015 krefst þess að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnumála.*

LK væntir þess að atvinnuveganefnd taki mið af framangreindum sjónarmiðum kúabænda við þinglega meðferð frumvarpsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum. Þau eru jafnframt tilbúin til að funda um efnið með atvinnuveganefnd verði þess óskað.

Fyrir hönd Landssambands kúabænda,



Baldur Helgi Benjamínsson

*Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda*